

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 19.1.2022
UST202201-062/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 – Austurey 1 og 3

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 fyrir Austurey 1 og 3.

Í greinargerð kemur fram fyrirhugað er að breyta frístundalóðinni Eyrargötu 9 í svæði fyrir verslun og þjónustu til heimila þar gistingu. Auk þess kemur fram að til staðar er hús á lóðinni og hefur það verið leigt út fyrir gistingu. Við fjöruna verður heimilað að byggja bátaskýli fyrir kajaka að hámarki 40 m², búningaaðstöðu og salerni að hámarki 15 m² og heita potta/náttúruleg þar sem afrennslið úr hvernum verður notað. Einnig verður gerð breyting á aðkomuleið, Vagnbraut, auk annarra minniháttar breytinga á götum.

Umhverfisstofnun bendir á að Apavatn fellur einnig undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en að öðru leiti er fjallað um helstu umhverfisþætti í lýsingunni.

Náttúruleg

Umhverfisstofnun telur að náttúrulegarnar sem eru hér til umfjöllunar geti fallið undir reglugerð 460/2015 um baðstaði í náttúrunni en markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Umhverfisstofnun bendir mikilvægi þess að skilgreining á náttúrulegum sé skýrari í tillögunni og tekið sé mið af 3. gr. ofangreindrar reglugerðar þar sem fjallað er um skilgreiningar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur